

ber einnig eftir atvikum að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vita-
laus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði, verzlunarstjóri Símon S. Alexíusson, á að greiða 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, en að öðru leyti að vera sykn af kærnum hins opinbera í þessu máli. Að því málskostnað fyrir undirdómi snertir, á hinn áfrýjaði dómur óraskaður að standa. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þ. Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúarmán.

Nr. 40/1880

Páll Eyólfsson
gegn

Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 10. dag júnímán. f. á., var gestgjafi Páll Eyólfsson dæmdur fyrir meiðandi áburð á Þorstein lög-
regluþjón Jónsson í bréfi til landshöfðingjans yfir Íslandi, í 30 króna sekt til landssjóðs eða til einfalds fangelsis í

9 daga, ef hann ekki greiddi sektina í ákveðinn tíma. Svo er hann og dæmdur til að greiða allan málskostnað eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi sækjanda í héraði, og þar á meðal 20 krónur sem málfutningslaun til hins skipaða talsmanns sækjanda. Þar að auki er landshöfðingjaritari Jón Jónsson fyrir flutning á málinu fyrir hönd stefnda dæmdur í 30 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar.

Þessum dómi hefir Páll Eyólfsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 3. ágústmán. f. á., og þar krafist fyrst og fremst, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum hins stefnda í þessu máli, en til vara, að hann verði sýknaður gegn því að greiða hina vægustu sekt, sem honum verður dæmd. Svo hefir og verið krafist, að sekt sú, sem Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni hefir verið gjörð ex officio með dómnum, verði látin falla niður, og að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða áfrýjandanum allan af máli þessu í héraði og fyrir yfirdómi, eða þá fyrir yfirdómi eingöngu, löglega leiðandi kostnað.

A hinn bóginn hefir hinn stefndi, sem hefir fengið gjafsókn, einnig við yfirdóminn, og sér talsmann settan, krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Hinn 17. dag desembermán. 1879 skrifaði áfrýjandi landshöfðingjanum yfir Íslandi bréf, og segir í því meðal annars: »Sömuleiðis getum vér eigi leitt hjá oss að leiða athygli yðar að því, að Þorsteinn lögregluþjónn eigi gjörði hið minsta til að afstýra óskunda þessum; þvert á móti mun hann heldur hafa æst skríl þenna til að gjöra hið versta og það var sannarlega ekki honum að þakka sem lögregluþjóni bæjarins, að þokulyður þessi

komi eigi öðru verra til leiðar við Jón landritara heldur en þeirri hér áður greindri svívirðu«.

Þessum ummælum um Þorstein Jónsson, sem þóttu meiðandi fyrir hann sem lögregluþjón, bauð bæjarfógetinn í Reykjavík honum að hrinda af sér með dómi, og höfðaði hann því mál fyrir bæjarþingi á hendur Páli Eyólfsyni, og urðu þar þau úrslit á því, sem áður segir.

Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að ofan greind ummæli um hinn stefnda eru meiðandi, og getur áfryjandi, sem ekki hefir fært sönnur á, að nefnd ummæli eigi við rök að styðjast, því ekki komist hjá að greiða sekt til landssjóðs samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, er eftir málavöxtum þykir hæfilega metin 30 krónur, eða sæta 9 daga einföldu fangelsi, sé sektin geigi greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í héraði skal dómi bæjarþingsins óraskað.

Að því snertir sekt þá, sem Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni er gjörð í undirdómnum eftir 10. gr. tilskip. 3. júní 1796 fyrir flutning hans á málinu, þá verður yfirdómurinn að álíta, að flutningur hans á málinu ekki hafi verið þvílíkur, að ákvarðanir nefndrar lagagreinar nái fyllilega til hans, eða að sekta skuli hann eftir henni.

Eftir málavöxtum ber áfryjanda að greiða allan af áfryjun málsins löglega leiðandi kostnað eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi hins stefnda, og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðast 15 kr.

Að því leyti málið hefir verið gjafsóknarmál fyrir báðum réttum vottast, að rekstur þess í héraði hefir verið vítalaus og flutningur þess við yfirdóminn lögmatur.

Því dæmist rétt vera.

Áfrýjandi þessa máls, Páll gestgjafi Eyólfsson, á að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í kveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 9 daga. Um málskostnað fyrir undirdómi skal hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi óaskað. Svo ber áfrýjanda og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda, Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marzmán.

Nr. 28/1879

Réttvísing

gegn

Katrínu Andrésdóttur

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarétti Dalasýslu 2. maímán. 1879, var hin ákærða Katrín Andrésdóttir dæmd fyrir þjófnað á 2 1/2 al. af sirtsi til fangelsishegningar við vatn og brauð í 5 daga, og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 4 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns hennar í héraði, Marísar bónda Einarssonar.

Þessum dómi hefir eftir ósk hinnar ákærðu verið skotið til yfirdómsins.

Í hinu fyrsta prófi, sem haldið var í máli þessu 2. októbermán. 1876 í Snæfellsnessýslu af þá verandi sýslumanni þar Skúla Magnússyni, kannaðist hin ákærða, Katrín